

Mánudaginn 16. janúar 1950.

Nr. 1/1948.

Dánarbú Bergsteins Kolbeinssonar

(Theódór B. Lindal)

gegn

Margrėti Eiríksdóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hafa báðir aðiljar þess látizt. Í stað Bergsteins Kolbeinssonar kemur dánarbú hans, en í stað Einars Árnasonar hefur tekið við málinu ekkja hans, Margrét Eiríksdóttir, sem situr í óskiptu búi.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. jan. 1948. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt landamerkjabréfum beggja jarðanna Litla-Eyrarlands og Leifsstaða, sem bæði eru þinglesin 19. maí 1890, ræður Fríðukill merkjum út fyrir hina fornu Ósgötu, en þaðan liggur merkjalína beint upp í grjótvröðu á miðri Merkis-klöpp. Þar sem Ósgatan er nefnd ein sem kennileiti við Fríðukíl eða Eyrarlandsós, þykir verða við hana að miða, enda eru ekki komin fram af hálfu áfrýjanda gögn, er hnekki því. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómpings Eyjafjarðarsýslu 10. október 1947.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 8. þ. m. og þingfest 20. nóv. f. á., er höfðað samkvæmt landamerkjalögunum nr. 41/1919 um ágreining milli aðilja málsins, þeirra Einars Árnasonar, bónda á Eyrarlandi, og Berg-

steins Kolbeinssonar, bónda á Leifsstöðum, beggja í Öngulsstaðahreppi, um landamerki milli jarðanna Eyrarlands (Litla-Eyrarlands) og Leifsstaða.

Ágreiningur þessi er um línu þá, sem ráða skal merkjum jarðanna frá Merkisklöpp í Eyrarlandsós eða Friðukíl. Eigandi Eyrarlands gerir þá kröfu, að merki á þessu svæði verði viðurkennd bein lína frá svokallaðri Ösgötu eða Þingmannavegi, þar sem hann liggur út í Eyrarlandsós á austurbakka óssins, upp í grjótvörðu á miðri Merkisklöpp, en eigandi Leifsstaða krefst þess, að merkin verði viðurkennd bein lína gegnum miðja Merkisklöpp og vörðustæði á mel utan við Leifsstaðastekk, unz sú lína sker Eyrarlandsós. Línur þessar eru merktar á uppdrátt af þrætu-svæðinu, dskj. nr. 3.

Hvor aðili um sig krefst málskostnaðar úr hendi hins.

Landamerkjalyásing framangreindra jarða er þinglesin 1890 og er nokkurn veginn samhljóða um mörk þau, er hér skipta máli. Í landamerkjalyásingu Litla-Eyrarlands segir svo:

„Að sunnan ræður varða á bakkanum niður við Eyjafjarðará, austur af vörðu þessari er hlaðinn garður, sem liggur beint austur að svokölluðum Friðukíl og fylgja merkin þeim garði að kílnum og þaðan út kílinn og út fyrir hina gömlu Ösgötu, þaðan beint upp í grjótvörðu á Merkisklöpp“.

Í merkjalýsingu Leifsstaða segir:

„Að vestan ræður Friðukíll út fyrir hina fornu Ösgötu, eða Þingmannaveg, þaðan beint upp í vörðu þá, sem stendur á miðri Merkisklöpp“.

Aðilja greinir á um, hvað átt sé við með orðunum „út fyrir hina gömlu (fornu) Ösgötu“, þ. e. hvar hornmark það sé, sem ráða á merkjum og línu á að draga úr að Merkisklöpp. Enginn ágreiningur er um örnefnin Ösgötu og Merkisklöpp.

Eigandi Eyrarlands rökstyður merkjakröfu sína með því, að í merkjalýsingu beggja jarðanna sé talið, að Friðukíll ráði merkjum milli þeirra, en hann nái aðeins að Ösgötu og taki þar við Eyrarlandsós. Hornmarkið hljóti því að vera í norðurbakka Ösgötunnar, væri það norðar, hlytu merkjaskrárnar að hafa getið Eyrarlandsóss, sem þar tekur við. Þar sem svo er ekki, geti merkin ekki verið meðfram Eyrarlandsós.

Vitni þau, sem leidd hafa verið í málinu, þrjú að tölu, telja öll, að Friðukíll nái aðeins að Ösgötu, en þar fyrir utan heiti Eyrarlandsós. Tvö vitni, annað Geir Jóhannsson, bóndi á Veigastöðum, og Helgi Eiríksson, bóndi á Þórustöðum, telja, að merki hafi jafnan verið talin um Ösgötu.

Eigandi Leifsstaða rökstyður kröfu sína með því, að eðlilegt sé, að lína sú, sem um er deilt, sé beint og óbrotið framhald merkjalínunnar austur frá Merkisklöpp. Orðalag merkjalýsingarinnar: „Út fyrir hina fornu Ösgötu“, bendi og á það, að hornmarkið sé í nokkurri fjarlægð frá Ösgötunni og geti því ekki verið í nyrðri bakka hennar, heldur norðar. Eitt vitni, Helgi Helgason, bóndi á Króksstöðum, telur, að merkin séu úr Merkisklöpp bein lína dregin um stein, sem merktur er á uppdrættinum, dskj. nr. 3, og niður í Eyrarlandsós. Er þetta í samræmi við merkjakröfu eiganda Leifsstaða. Vitni þetta kveðst muna, að Leifsstaðabóndi hafi

heyjað á þrætusvæðinu eftir aldamótin, en upplýsingar um merkin kveðst hann hafa frá föður sínum, sem bjó á Eyrarlandi og undirritaði merkjalyðinguna frá 1890.

Landamerkjalyðsing beggja jarðanna segir, að merkjum ráði Friðukill út fyrir hina fornu (gömlu) Ösgötu. Þar sem hornmarkið er ekki nánar tilgreint, telur dómurinn, að það hljóti að vera við Ösgötu, þ. e. í norðurbakka hennar, ella hefði merkjaskráin orðið að tilgreina, hvar fyrir utan Ösgötu þetta hornmark væri. Þessa skoðun dómsins styður það og, að ef hornmarkið væri utar (norðar), væri það ekki við Friðukil, heldur við Eyrarlandsós, en hans er ekki getið í merkjaskránni. Vætti þeirra Geirs Jóhannssonar og Helga Eiríkssonar styður og þetta. Hins vegar er steinn sá, sem vitnið Helgi Helgason talar um sem merkjastein, ekki nefndur í landamerkjalyðsingunni.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að fallast ber á merkjakröfu eiganda Eyrarlands og ákveða merkin á þrætusvæðinu beina línu úr norðurbakka Ösgötu, þar sem hún liggur út í Eyrarlandsós (á mörkum Eyrarlandsóss og Friðukíls) á austurbakka hans, upp í miðja Merkisklöpp.

Rétt þykir, að eigandi Leifsstaða, Bergsteinn Kolbeinsson, greiði eiganda Eyrarlands, Einari Árnasyni, kr. 300.00 upp í málskostnað og auk þess þóknun merkjadómendanna Elíasar Tómassonar og Jakobs Karlssonar, kr. 300.00 til hvors, en málskostnaður falli niður að öðru leyti.

Dóm þenna kvað upp meiri hluti merkjadómsins, þeir Jakob Karlsson og Elías Tómasson.

Dómsorð:

Merki á framangreindu svæði milli Eyrarlands og Leifsstaða eru bein lína úr norðurbakka Ösgötu, þar sem hún liggur út í Eyrarlandsós á austurbakka hans, og á miðja Merkisklöpp.

Eigandi Leifsstaða, Bergsteinn Kolbeinsson, greiði eiganda Eyrarlands, Einari Árnasyni, kr. 300.00 upp í málskostnað og þóknun meðdómendanna Jakobs Karlssonar og Elíasar Tómassonar, kr. 300.00 til hvors, en málskostnaður fellur niður að öðru leyti.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Friðjóns Skarphéðinssonar bæjarfógeta:

Orðalagið „Út fyrir hina fornu Ösgötu“ í merkjaskránni bendir til þess, að hornmarkið sé fjær Ösgötunni heldur en í bakka hennar. Annað atriði í merkjaskránni bendir á, að það sé á stað þeim, sem eigandi Leifsstaða krefst, að viðurkenndur verði sem hornmark. Þar segir:

Þaðan (þ. e. úr hornmarkinu fyrir utan hina fornu Ösgötu) beint upp í vörðu þá, sem stendur á miðri Merkisklöpp, og frá henni í aðra vörðu á melnum, næst fyrir utan Leifsstaðastekk, og síðan beint upp í Þingmannalæk.

Viðurkennt er, að línan úr vörðunni fyrir utan Leifsstaðastekk upp í

Þingmannalæk er beint og óbrotið framhald af línunni frá Merkisklöpp að þeirri vörðu. Orðin „beint upp í Þingmannalæk“ tákna þarna beina sjónhendingu frá Merkisklöpp um vörðuna fyrir utan Leifsstaðastekk að Þingmannalæk. Líklegt er því, að orðatiltækið „beint upp í Merkisklöpp“ (frá hornmarkinu utan við Ósgötu) tákni beina sjónhendingu frá hornmarkinu að vestan og austur um Merkisklöpp og vörðuna við Leifsstaðastekk.

Af þessu þykir mega ráða, að hið umdeilda hornmark sé við Eyrarlandsós á stað þeim, sem Leifsstaðabóndi heldur fram. Ekki þykir nægilegt til að hnekkja því, þótt Eyrarlandsós sé ekki nefndur í merkjaskránni, þar sem hann er í óslitnu framhaldi af Friðukil.

Samkvæmt þessu eru merkin á þrætusvæðinu óbrotin lína dregin í gegnum vörðuna utan við Leifsstaðastekk og um Merkisklöpp niður í Eyrarlandsós.

Eftir þessari niðurstöðu þykir mega leggja eiganda Eyrarlands á herðar að greiða þóknun meðdómendanna, þeirra Jakobs Karlssonar og Elíasar Tómassonar, kr. 300.00 til hvors, en málskostnaður að öðru leyti falli niður.

Miðvikudaginn 18. janúar 1950.

Nr. 136/1949. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

Sigurði Sæmundssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með atferli því, sem lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði gerzt sekur við þau lagaákvæði, sem þar greinir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 75 daga. Svo þykir og rétt, að ákærði sé ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.